

A 1753/holdbart

Afgreiðsla Norræna sjálfbærnefndin

Nefndarálit norrænu sjálfbærnefndarinnar um
þingmannatillögu um plastagnir í drykkjarvatni

Tillaga

Norræna sjálfbærnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún safni og birti upplýsingar um og stuðli að því að fram fari rannsókn á magni plastagna í drykkjarvatni á Norðurlöndum;

að hún samræmi mæliaðferðir þannig að tryggja meggi gæði niðurstaðna mælinga á örplasti í drykkjarvatni og gera samanburð milli Norðurlandanna;

að hún stuðli að auknum rannsóknum sem svari spurningunum: hvernig geta plastagnir endað í drykkjarvatni og hvort heilsufarshætta stafi af og ef svo er hvaða afleiðingar það geti haft fyrir menn.

Bakgrunnur

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún stuðli að því að fram fari rannsókn á magni plastagna í drykkjarvatni á Norðurlöndunum;

að hún stuðli að auknum rannsóknum sem svari spurningunum; hvernig geta plastagnir endað í drykkjarvatni og hvort heilsufarshætta stafi af og ef svo er hvaða afleiðingar það geti haft fyrir menn.

Sjónarmið nefndarinnar

Örplast í drykkjarvatni er enn ein viðbót við langan lista yfir raunveruleg og hugsanlega alvarleg vandamál sem tengjast plastnotkun. Örmsáar plastagnir er að finna í vörum sem notaðar eru í daglegu lífi, eins og t.d. snyrtivörum, málningu og fatnaði. Þó er álitid að hjólbarðar séu helstu upptökin. Örplast verður einnig til þegar stærri plastagnir brotna niður í náttúrunni.

Tillagan skiptir máli fyrir starf að heimsmarkmiði 6.3 í Dagskrá 2030 um aukin vatnsgæði. Norræna ráðherranefndin (MR-Miljø) er með áætlun um að draga úr plasmengun og fjárveitingu til að fylgja henni eftir.



Fyrri vinna nefndarinnar

Vandamál tengd plasti hafa verið á dagskrá nefndarinnar á undanförunum árum. Norðurlandaráð samþykkti tilmæli um bann við örplasti í snyrtivörum en afgreiðslu þeirra lauk á árinu 2017 án þess að árangur næðist. Norðurlandaráð samþykkti á árinu 2017 tilmælin „Aðgerðir til að stemma stigu við mengun hafsins“ (8/2017) og „Að draga úr plastúrgangi á Norðurlöndum“ (7/2017). Svör Norrænu ráðherranefndarinnar og ríkisstjórna landanna sýndu að norrænt samstarf er í samræmi við tilmæli Norðurlandaráðs hvað þetta varðar. Sjálfbærnefndin ráðgerir frekari aðgerðir á árinu 2018 varðandi plastúrgang.

Yfirstandandi norrænt samstarf

Undanfarin ár hefur töluvert norrænt samstarf farið í að kanna áskoranir vegna plastnotkunar. Vorið 2017 samþykkti Norræna ráðherranefndin (MR-Miljø) áætlun um að draga úr plastmengun. Áætlunin gildir fyrir tímabilið 2017–2018 og inniheldur sex stefnumarkandi svið og sextán markmið. Í svari við skriflegri fyrirspurn á árinu 2018 (E1/2018) er að finna yfirlit yfir þær aðgerðir sem hafnar eru. Yfirlitið sýnir m.a. að hafið er starf um að samræma töku sýna úr hafinu og rannsóknir á örplasti í gróðri og setlögum á hafsbotni, fiskum og fuglum. En hvað um beinar pólitískar aðgerðir? Stjórnvöld geta þess í sínu svari að of snemmt sé að hefja samstarf um beinar aðgerðir til þess að draga úr örplasti í hafinu og enn sem komið er felist samstarfið í að afla þekkingar um vandann.

Í svari við skriflegri fyrirspurn um rannsóknir á örplasti í drykkjarvatni (E 3/2018) upplýsa norræn stjórnvöld að málið sé mjög aðkallandi og hafi verið til umfjöllunar á ráðherrafundi. Flest löndin hafa annað hvort framkvæmt eða ráðgera rannsóknir á því hvort plastagnir séu í drykkjarvatni. Ekkert formlegt samráð um aðferðir á sér stað en yfirvöld og háskólar á Norðurlöndum hafa átt samskipti um þessi mál.

Örplast í drykkjarvatni

Varðandi fyrsta málsliðinn (stuðla að því að fram fari rannsókn á magni plastagna í drykkjarvatni á Norðurlöndum) má geta þess að upplýsingar um örplast í drykkjarvatni hafa vakið sterk viðbrögð og eru rannsóknir hafnar á því sviði. Hlutverk Norrænu ráðherranefndarinnar gæti falist í því að taka saman upplýsingar um þessi mál og birta þær. Þar sem þekkingu skortir gæti ráðherranefndin beitt sér fyrir frekari rannsóknum.

Hvað annan málsliðinn varðar er ljóst að ekki hefur verið gert ráð fyrir þessu í áætlun umhverfisráðherranna um að draga úr plastmengun. Tillagan er mikilvæg ef til þess kemur að rannsóknir (eins og lagt er til í fyrsta málslið) leiði í ljós að aðstæður á Norðurlöndum séu sambærilegar við það sem hefur komið í ljós í ýmsum öðrum löndum. Umhverfisráðherrarnir ráða yfir óráðstöfuðu fé sem verja mætti til aðkallandi pólitískra mála. Þann lið fjárhagsáætlunarinnar mætti hugsanlega nota til að hefja þá rannsókn sem kallað er eftir í öðrum málslið tillögunnar.

Niðurstaða nefndarinnar



Nefndinni er það ánægjuefni að norrænt samstarf um plastúrgang og örplast sé í burðarliðnum, að áætlun hafi verið samþykkt, að fjárveiting liggi fyrir og að ýmsar aðgerðir séu þegar hafnar. Aðgerðirnar beinast að miklu leyti að plasti í hafinu en of lítið er fjallað um drykkjarvatn að svo stöddu. Í ljósi þessa er nefndartillagan kærkomin.

Nefndinni er það ljóst að norrænn almenningur væntir þess að drykkjarvatn sé laust við hugsanlega heilsuspillandi agnir og efni. Þá er rökstuddur grunur um að plastagnir sé að finna í drykkjarvatni víða á Norðurlöndum. Því er um sameiginlega norræna áskorun að ræða. Enn fremur er bent á að ekki séu til staðlaðar mæliaðferðir sem gefi kost á að bera saman mælingar milli landa.

Nefndin telur að rannsóknir á magni örplasts í drykkjarvatni ættu að vera landsbundnar en að Norræna ráðherranefndin geti lagt sitt af mörkum til að veita upplýsingar um aðstæður í norrænu löndunum. Því er lagt til að fyrsta málslið þingmannatillögunnar verði breytt.

Nefndin telur að skoða beri tillöguna í ljósi sjötta heimsmarkmiðsins í Dagskrá 2030 um sjálfbæra þróun sem fjallar um vatn.

Með hliðsjón af framangreindu styður sjálfbærninefndin tillögu flokkahóps jafnaðarmanna en vill bæta því við að löndin samræmi mælingaraðferðir sínar svo hægt verði að gæðatryggja niðurstöður mælinga á örplasti í drykkjarvatni og gera þær samanburðarhæfar. Seinna atriðið mætti framkvæma í breiðara evrópsku samstarfi.

Akureyri, 10. apríl 2018

Eero Lehti (saml)

Heidi Greni (Sp)

Ingalill Olsen (A)

Jan Erik Messmann (DF)

Kari Kulmala (Blárrí framtíð)

Karin Gaardsted (S)

Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)

Lars Tysklind (L)

Rasmus Ling (MP)

Richard Jomshof (SD)

Stina Bergström (MP)

Suzanne Svensson (S)

Thomas Finnborg (M)

Tony Wikström (ÅSD)

Vilhjálmur Árnason (Sj.)